

Verklagsreglur um læknisrannsókn á fólki sem flyst til Íslands.

Gilda frá janúar 2017

1. Með umsækjendum um dvalarleyfi er í þessum verklagsreglum átt við þá sem sækja um dvalarleyfi eða alþjóðlega vernd sem og kvótaflóttamenn, sbr. lög um útlendinga nr. 80/2016.
2. Umsækjendur um dvalarleyfi frá Mið- og Suður-Ameríku, þ.m.t Mexíkó, Evrópu utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Asíu eða Afríku skulu gangast undir læknisrannsókn vegna sóttnæmra sjúkdóma. Hafi umsækjandi fullgilt erlent læknisvottorð sem uppfyllir þessar verklagsreglur að mati læknis og sé það ekki eldra en þriggja mánaða, þarf viðkomandi ekki að gangast undir læknisrannsókn. Umsækjendur frá EES, Sviss, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Nýja Sjálandi eða Ísrael þurfa ekki að gangast undir læknisrannsókn. *Einungis þeir einstaklingar sem munu fara úr landi innan tveggja vikna eftir komu geta verið undanþegnir neðangreindum rannsóknum.*
3. Læknar á Íslandi með lækningaleyfi geta framkvæmt læknisrannsókn samkvæmt þessum verklagsreglum. Þegar læknisrannsókn er lokið skulu læknar senda Útlendingastofnun staðfestingu á því að fullnægjandi læknisrannsókn hafi verið gerð.
4. Með læknisrannsókn er átt við:
 - a. **Almenna læknisskoðun** sem gefur vísbendingu um heilsufarsástand þess sem sækir um dvalarleyfi. Kanna skal hvaða bólusetningar umsækjandi hefur fengið. Sé bólusetningum ábótavant skal tryggja að viðkomandi sé boðin bólusetning í samræmi við leiðbeiningar um almennar bólusetningar hér á landi. Ef tilkynningarskyldur sjúkdómur greinist, sbr. reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna nr. 221/2012 er mælt til að samráð um meðferð og eftirlit verði haft við göngudeildir sem sinna slíkum sjúkdómum sbr. 1. gr. reglugerðar um sóttvarnaráðstafanir nr. 817/2012.
 - b. **Berklarannsókn:** Berklahúðpróf skal gera hjá þeim sem eru 35 ára og yngri. Bendi húðpróf til berklasmits skal taka röntgenmynd af lungum. Einungis röntgenmynd skal tekin af þeim sem eru eldri en 35 ára.
 - c. **Rannsókn vegna þarmasmits:** Saurrannsókn (ræktun og smásjárskoðun) skal gera hjá þeim sem hafa einkenni eða hafa haft einkenni frá meltingarvegi. Leita skal að þarmasmiti sem er tilkynningarskylt (salmonella, sígella, kampýlóbakter og *Giardia lamblia*). Slíka leit skal gera hjá öllum börnum yngri en sex ára án tillits til einkenna.
 - d. **Rannsókn vegna lifrabólgu B og lifrabólgu C:** Leita skal að lifrabólgu B og lifrabólgu C.
 - e. **Rannsókn vegna HIV:** Gera skal HIV-próf.
 - f. **Rannsóknir vegna kynsjúkdóma:** Rannsaka ber þá sem hafa einkenni um kynsjúkdóm eða ef rökstuddur grunur um kynsjúkdóm vaknar. Gera skal sárasóttarpróf (syphilis) hjá öllum.

5. Læknisrannsókn getur einnig tekið til annarra heilsufarsþátta sem ógna heilsu manna á hverju því landsvæði sem komið er frá. Frekari rannsóknir skulu þá gerðar samkvæmt ákvörðun sóttvarnalæknis.
6. Læknisskoðun og aðrar rannsóknir samkvæmt verklagsreglum þessum skulu framkvæmdar í einni og sömu heimsókn svo fremi að því verði við komið.
7. Við upphaf skólagöngu barna sem verklagsreglur þessar taka til skal ganga úr skugga um hvort gerð hafi verið læknisrannsókn skv. þessum verklagsreglum.
8. Ef læknisrannsókn með berklahúðprófi er gerð utan Höfuðborgarsvæðisins skal hafa samráð um framkvæmdina við göngudeild sem sinnir tilkynningarskyldum sjúkdómum.
9. Greiðsla vegna læknisrannsókna sem gerðar eru vegna umsóknar um dvalar- og atvinnuleyfi og eru í samræmi við verklagsreglur þessar skulu greiðast af vinnuveitanda eða þeim sem sækir um dvalar- eða atvinnuleyfi. Leiði læknisrannsókn í ljós þörf fyrir frekari sértækar rannsóknir þá greiðir umsækjandi eða sjúkratrygging hans kostnað við þau heilsufarslegu vandamál sem greinast fyrstu sex mánuðina sem dvalið er í landinu. Læknisrannsókn sem vinnuveitandi óskar sérstaklega eftir greiðist af vinnuveitanda.
Greiðslur vegna læknisrannsókna sem gerðar eru á umsækjendum um alþjóðlega vernd og kvótaflóttamönnum skulu vera þessum einstaklingum að kostnaðarlausu sem og kostnaður vegna bóluefna sem falla undir almennar bólusetningar á Íslandi.
Mælst er til að ákvörðun um meðferð og frekara eftirlit verði haft við göngudeildir sem sinna slíkum sjúkdómum sbr. 1. gr. reglugerðar um sóttvarnaráðstafanir nr. 817/2012. Kostnaður vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma skal vera einstaklingum að kostnaðarlausu sbr. 11 gr. reglugerðar nr. 817/2012.
10. Verklagsreglur þessar eru settar á grundvelli sóttvarnalaga nr. 19/1997 sbr. einnig reglugerð um sóttvarnaráðstafanir nr. 817/2012 og taka við af eldri verklagsreglum frá 16. september 2015.

Reykjavík, janúar 2017

Sóttvarnalæknir